

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Garðs vegna Helguvíkur–Berghóla.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 13. september 2016 breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Garðs 2013-2030, sem samþykkt var í bæjarstjórn 14. júlí 2016.

Í breytingunni felst að iðnaðarsvæði II við Helguvík/Berghóla stækkar um 2,5 ha yfir á svæði sem var áður skilgreint sem öryggis- og varnarsvæði.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 13. september 2016.

F.h. forstjóra,

Hafdís Hafliðadóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

B-deild – Útgáfud.: 27. september 2016